

1872.

15. apríl.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um dýralækni í suðuramtinu.

Í bréfi, dagsettu 18. f. m., hafið þér, herra stiptamtmaður, tekið það fram, að það væri æskilegt, að hafa Snorra Jónsson sem dýralækni fyrir suðuramtið enn um eitt ár, talið frá 1. maím. þ. á., til þess að nota kunnáttu hans og aðstoð sér í lagi gegn fjárkláðanum, sem hefir gjört vart við sig í ýmsum hreppum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Árnessýslu. Með því nú jafnaðarsjóður suðuramtsins eigi hefir næg efni til að greiða kostnaðinn, sem rísa mundi af þessu, og sem ætlazt er á að verði 600 rd., án tillags frá hinu opinbera, hafið þér stungið upp á, að stjórnarráðið eins og í fyrra veiti 300 rd. í þessu skyni, af því fè, sem ákveðið er til óvissra útgjalda fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73, gegn því, að jafnmiklu verði varið til þessa úr jafnaðarsjóðnum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og skal því við bætt, að vèr í dag höfum skrifað landfógeta um, að yður verði borgaðir 300 rd., 25 rd. á hverjum mánuði, úr jarðabókarsjóðnum af því fè, sem tilfært er í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, 9. grein.

15. apríl.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um bygging hegningarhúss í Reykjavík.

Um leið og vèr tilkynnum yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar fyrst um sinn, að dómsmálastjórnin hefir gefið timburmeistara *Klentz* hèr úr borginni loforð fyrir því, að hann skuli byggja hegningarhúsið o. s. frv. í Reykjavík samkvæmt áætlun þeirri, sem hann hefir samið og sent hingað, fyrir 22,270 rd., skal þess getið, at timburmeistari *Klentz* hefir skýrt frá, að hann sendi erfiðismenn til Reykjavíkur með póstgufuskipinu, sem fari hëðan á morgun; mælumst vèr því til, að þér vísið

1872.

15. apríl.

fulltrúa Klentz's á lóð þá, sem ætluð er til hegningarhússins, — en af henni fylgir uppdráttur og er tiltekið á honum, hvar byggingin skuli vera —, og sjáið um að grjóti það, sem þér hafið útvegað með samningum til þessa, verði fengið tæðum fulltrúa svo fljótt sem verður.

46. Tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

20. apríl.

(á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í hana skulu kosnir bæjarfulltrúar, og er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar.

2. grein.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfirhöfuð er á hendi oddvitans.

3. grein.

Með samþykkt má ákveða, að hinum sèrstöku bæjarmálefnum sè beinlínis stjórnað af föstum nefndum, og skal í samþykktinni tiltekið nákvæmar, hverir skuli vera í þeim, og um vald þeirra. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sèrstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem til skulu teknar í samþykktinni.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sèr þau sèrstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

4. grein.

Í samþykktinni skal kveðið á um, hve margir hinir kjörnu bæjarfulltrúar skuli vera; skal tala þeirra ætíð standa á stöku, og mega þeir ekki vera færri en 7, og ekki fleiri en 13.